

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 4. ágúst 2022
Málsnúmer: 202207-0009
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu endurvinnslu kerbrota við Grundartanga.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 7. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Kerendurvinnslunnar á endurvinnslu kerbrota við Grundartanga eigi að vera háð mati á umhverfisáhrifum í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn um framkvæmdina og telur að í ljósi áhrifaþátta sem varða fagsvið stofnunarinnar sé ekki þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat. Um jákvæða framkvæmd er að ræða að því leyti að hún felur í sér endurvinnslu á kerbrotaúrgangi sem telst til spilliefna. Engin slík endurvinnsla fer fram í dag og með henni verður því væntanlega dregið töluvert úr mengunarhættu og öðrum óæskilegum umhverfisáhrifum sem fylgja meðhöndlun og urðun kerbrota.

Áætlað er að byggja verksmiðju innan iðnaðarsvæðis við Grundartanga og er svæðið sem ætlað er undir verksmiðjuna að mestu raskað. Ekki er þó langt í lítið röskuð gróðurlendi og gæta þarf þess að valda ekki óþarfa raski í næsta nágrenni. Áhrif af starfsemi verksmiðjunnar eru einkum á hljóðvist og loftgæði en ryk og afgas myndast við endurvinnsluna. Fagsvið Náttúrufræðistofnunar snýr ekki að mati á hljóðvist og loftgæðum en treyst er á að öll hreinsun á ryki og afgasi uppfylli lögbundin skilyrði. Enginn fastur úrgangur eða fráveita er frá endurvinnsluferlinu en tryggja þarf þess að engin hætta sé á að mengun frá ryki berist með vatni út í nálæga viðtaka. Í næsta nágrenni við Grundartanga eru t.d. mikilvæg fuglasvæði og því brýnt að komið sé í veg fyrir alla mögulega mengun frá endurvinnslunni

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar

